Nikulás Úlfar Másson

# Byggingasaga

## Grjótaþorp




**Reykjavík 2000**

Skýrslur Árbæjarsafns LXXIX

Nikulás Úlfar Másson

# Byggingasaga

## Grjótaþorp

**Reykjavík 2000**

Skýrslur Árbæjarsafns LXXIX

# Formáli

Þegar gildi byggðar til varðveislu er metin, er nauðsynlegt að hafa allar forsendur fyrir hendi sem áhrif geta haft, þannig að matið sé byggt á ítrustu upplýsingum sem völ er á hverju sinni. Þessi húsakönnun er unnin að beiðni Borgarskipulags Reykjavíkur, í samræmi við skipulagslög, vegna gerðar deiliskipulags í Grjótaþorpi. Þar sem um mjög takmarkaðan tíma var að ræða til þessarar könnunar og safnið fáliðað, var ekki hægt að standa að innslætti í Húsaskrá Reykjavíkur eins og best verður á kosið. *Byggingasaga, Grjótaþorp,* er einungis könnun á þeim húsum sem nú standa í Grjótaþorpi. Breytingarsaga hvers húss er í flestum tilfellum ekki rakin í smáatriðum, eins og kannski er nauðsynlegt, til að gera sér fyllilega grein fyrir upphaflegri mynd byggðarinnar í Grjótaþorpi. Ekki er heldur kafað í sögu hverrar lóðar og talin upp og lýst öllum þeim húsum sem þar hafa staðið. Í flestum tilfellum eru núverandi timburhús þau fyrstu sem byggð voru á viðkomandi lóðum og húsin sem á undan komu í lang flestum tilfellum úr torfi og grjóti, þannig að segja má að kafað hafi verið nógu djúpt í byggðina til að að gera marktækt mat á gildi hennar til varðveislu.

Aldur húsa Innréttinganna að Aðalstræti 10 og 16 hefur verið á reiki, þar sem ekki hefur verið gerð rannsókn á þessum fyrstu verksmiðjuhúsum á Íslandi. Á Árbæjarsafni er í bígerð ítarleg rannsókn á öllum húsum Innréttinganna þannig að mögulegt verður að varpa ljósi á þessa mikilvægu byggingarstarfsemi, sem markar upphaf þéttbýlis í Reykjavík.

Við gerð þessarar húsakönnunar var stuðst við ritið *Grjótaþorp 1976,* sem gefið var út af Árbæjarsafni árið 1976. Texta unnu Júlíana Gottskálksdóttir og Nanna Hermansson, þáverandi borgarminjavörður, en ástandskönnun á húsunum gerðu Hjörleifur Stefánsson og Stefán Örn Stefánsson arkitektar, teiknistofunni Höfða.

Þrátt fyrir að Grjótaþorpið sé talið best varðveitta svæðið frá fyrstu tíð í Reykjavík, hafa miklar breytingar orðið á svæðinu frá 1976. Sjö hús eru horfin af vettvangi, Aðalstræti 12 (brann 01.01.1977), Fischersund 1, Garðastræti 3, Grjótagata 6 og 14b, Túngata 6, viðbygging og Vesturgata 11. Eitt hús hefur verið flutt innan hverfis, Garðastræti 9 að Grjótagötu 6 og annað á Árbæjarsafn, skemma frá Garðstræti 9. Ný hús eru Grjótagata 11, sem flutt var frá Tjarnargötu 3c og íbúðir aldraðra að Vesturgötu 7. Í bígerð er endurgerð Aðalstrætis 12 og bygging hótels á lóðinni.

Frá þriðja áratug tuttugustu aldar til þess áttunda hafa verið uppi ráðagerðir um gagngerar breytingar á byggðinni í Grjótaþorpi. Allar miðuðu þær að því að núverandi byggð hyrfi og í staðin kæmu breiðari götur og stærri hús. Yngri steinsteypt hús hjafa tekið mið af þessu, t.a.m. ber lögun hússins að Garðastræti 17 með sér að hafa átt að standa á horni. Ekki skulu þessi áform rakin nánar hér, en þau urðu til þess að húsunum í Grjótaþorpi var lítt haldið við í áratugi.

Nú hefur sú ánægjulega þróun orðið að flest húsanna hafa nýverið eða eru að ganga í gegnum endurnýjun lífdaga. Mikil endurgerð hefur átt sér stað og er Grjótaþorpið orðið vinsælt til íbúðar á ný sem og viðkomustaður ferðamanna sem sjá þarna heillegasta svæði timburhúsa frá upphafi timburhúsatímabilsins í Reykjavík.

# Saga

Í kvosinni hefur verið byggð frá landnámi. Þetta staðfestir fornleifauppgröftur á þessu svæði. Líklegt verður að teljast að landnámsbærinn hafi staðið á svipuðum slóðum og Víkurbærinn, þ.e við suðurenda Aðalstrætis. Því má segja með nokkurri vissu að byggð hafi verið í Grjótaþorpi frá upphafi byggðar á Íslandi. Grjóti var ein af hjáleigum Reykjavíkur. Árni Magnússon getur þess í Jarðarbók sinni árið 1703 að í Grjóta sé einn ábúandi með lítilsháttar búhokur. Tún þessa býlis lágu norðureftir brekkunni, en með tilkomu Innréttinga Skúla Magnússonar fór tómthúsmannabýlum að fjölga í brekkunni fyrir ofan verksmiðjuhúsin og árið 1979 eru fjórar fjölskyldur taldar búandi í Grjóta. Eitt hús Grjótabæjanna stendur enn, Garðastræti 23, Vaktarabærinn.

Þegar bygging dómkirkjunnar hófst, var mikið af grjótinu tekið upp úr Grjótatúni og eyðilagðist það með öllu og var breytt í kálgarða. Upp frá því var farið að úthluta lóðarskikum til tómthúsmanna og fjölgaði býlum norður af Grjóta, allt norður að sjó.

Sá atburður sem langmest áhrif hefur haft á byggingasögu Grjótaþorps og þar með Reykjavíkurborgar, er stofnun Innréttinganna árið 1752. Þeim mun hafa verið valinn staður í Reykjavík þar sem þar, og í nágrenni Reykjavíkur, voru helstu stofnanir samfélagsins fyrir, t.a.m. stiftamtmaður á Bessastöðum, landlæknir í Nesi og hið nýbyggða tukthús, auk þess sem flutningur annarra stofnanna hafði verið ákveðinn, t.d. biskupsstóla og þar með skólanna. Eitt húsa Innréttinganna stendur enn að mestu óbreytt, Aðalstræti 10 og annað, Aðalstræti 16, er að grunni til frá tímum Innréttinganna.

Einokun komst á 1602, og árið 1608 skipaði kóngur svo fyrir að verslunarhús Þjóðverja í Hólminum, er voru lágar eyjar fyrir austan Effersey sem nú eru að mestu komnar í kaf, skildu rifin. Hefur kaupmönnum líklega fundist álitlegast að flytja þau út í Effersey þar sem kóngur átti hana. Árið 1779 voru húsin tekin niður og flutt á land, til Reykjavíkur, sem var skömmu áður orðin konungseign. Þessi flutningur verslunarhúsanna hefur vafalítið staðið í sambandi við, að nú var svo komið að sami maður, Sunchenberg að nafni, hafði með höndum hvort tveggja, forstöðu konungsverslunarinnar og umsjón með rekstri Innréttinganna.

Húsum þessum var valinn staður í Reykjavík norðan verksmiðjuhúsanna, þ.e. nær sjónum. Eitt þessara húsa stóð þar sem nú er Aðalstræti 2 og nefnt hefur verið fyrsta verslunarhúsið í Reykjavík, önnur stóðu á lóðum Aðalstrætis 4 og Vesturgötu 3.

Hvorki gefst tími né rúm til að rekja þessu miklu sögu nánar. Af öllu þessu má sjá að saga Grjótaþorpsins er nátengd upphafi byggðar á Íslandi sem og myndun þéttbýlis og þróun Reykjavíkur sem miðstöð verslunar og stjórnseturs á Íslandi og í það að verða höfuðborg lýðveldisins.

# Varðveislumat

Við mat á gildi byggðarinnar til varðveislu var stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/Hringbrautar). Í Húsverndarskránni er svæðið sem afmarkast af Aðalstræti, Túngötu, Garðastræti og Vesturgötu, Grjótaþorp, í milligulum flokki, verndun svæða. Í Grjótaþorpinu er heilleg mynd húsa frá ákveðnu skeiði í byggingasögu Reykjavíkur sem vernda ber í heild sinni. Hér er átt við timburhúsin sem byggð voru á 147 ára tímabili, frá 1763, Aðalstræti 10, til 1910, fiskþurrkunarhús Duus við Fischersund (Aðalstræti 4, bakhús). Í Grjótaþorpi eru því timburhús frá öllum tímabilum. Að þessu leyti er Grjótaþorpið einstakt á Íslandi og jafnvel þótt víðar væri leitað. Það er því gífurlega mikið í húfi að því sé vel við haldið og verndað í því sem næst núverandi mynd. Það ber því að sýna sérstaka áðgát við allt inngrip inn í Grjótaþorpið, svo sem með nýbyggingum, viðbygginum og breytingum á húsum.

Fjögur hús í Grjótaþorpi hafa þegar verið friðuð og hafa því sérstaklega mikið gildi til varðveislu, en öll hafa timburhúsin mjög mikið varðveislugildi og er ekki gerður frekari greinarmunur á gildi þeirra til varðveislu. Engu að síður eru fimm timburhús tekin út úr og sett í sérstakan varðveisluflokk, tvö þeirra ber að friða, Aðalstræti 2 og Garðastræti 15 og í þremur tilfellum er um að ræða hús þar sem umhverfislegt gildi er sérstaklega mikið, sem nær útfyrir Grjótaþorpið sjálft, Vesturgata 3 og 5.

## HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR

**Varðveislumat húsa í Grjótaþorpi.**

Við mat á varðveislugildi byggðar er stuðst við tillögur Húsverndarnefndar Reykajvíkur um verndun byggðar innan Snorrabrautar / Hringbrautar, (Húsverndarskrá Reykjavíkur) sem gefnar voru út í þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á tillögum Húsverndarnefndar í kjölfar þessarar húsakönnunar:

**Garðastræti 11a**, sem var í rauðum flokki fer í bláan flokk þar sem það var friðað af menntamálaráðherra árið 1999.

**Garðarstræti 23**, sem var í appelsínugulum flokki á milligulri svæðisverndun fer í bláan flokk, sjálfkrafa friðun vegna aldurs.

# Blár flokkur: þegar friðuð hús.

Aðalstræti 10 (sjálfkrafa friðun vegna aldurs, byggt fyrir 1850).
Aðalstræti 16 (sjálfkrafa friðun vegna aldurs, byggt fyrir 1850).
Garðastræti 11a, Hákot (ytra borð friðað af menntamálaráðherra 1999).
Garðastræti 23, Vaktarabærinn (sjálfkrafa friðun vegna aldurs, byggt fyrir 1850).

# Rauður flokkur: hús sem huga ber að friða.

| | |
|---|---|
| Aðalstræti 2. | Myndar ásamt Hafnarstræti 1 og Vesturgötu 2 þyrpingu mjög mikilvægra húsa umhverfis „hornstein“ Reykjavíkur. |
| Garðastræti 15 Unuhús. | Sérstakt gerðar sinnar vegna, auk þess sem gildi þess í menningarsögu Reykjavíkur er ótvírætt. |

# Dökkgulur flokkur: verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi.

| | |
|---|---|
| Vesturgata 3 | Er hluti sérstakrar götumyndar timburhúsa við Vesturgötu. |
| Vesturgata 5 | Er hluti sérstakrar götumyndar timburhúsa við Vesturgötu. |

# Milligulur flokkur: verndun svæða.

Verndun nær til allra timburhúsa í Grjótaþorpi auk steinhlaðna hússins að Mjóstræti 6. Ekki er gerður frekari greinarmunur á gildi húsanna til varðveislu þar sem sérstakt gildi Grjótaþorps felst í heildarmynd allra húsanna. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga. Nýbyggingar og breytingar yngri steinsteyptra bygginga taki mið af mælikvarða Grjótaþorpsins og stærðarhlutföllum húsa.


Húsverndarskrá Reykjavíkur - Grjótaþorp
N
1:1000
Grófin
Mjóstræti
Fischersund
Brattagata
Grjótagata
Vallarstræti
Veltusund
Friðaðar byggingar
Tillögur að friðun bygginga
Verndun götumynda
Verndun 20.aldar bygginga
Byggingar byggðar fyrir 1918
Verndun svæðis
F://omar/annad/arbaejarsafn-221200.apr

# Aðalstræti 2

**Byggingarár** **1855**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Hellur |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |
| **Útlit** | Tvílyft<br>Ris<br>Kvistir<br>Kjallari |

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | Starfsheiti |
|---|---|---|---|
| 1883 | Viðbygging v/ vesturhl | | |
| 1896 | Geymsla á lóð | | |
| 1905/6 | Viðbygging stækkuð | | |
| 1910 | Geymsla á lóð | | |
| 1926 | Viðbygging hækkun | Guðmundur H Þorláksson | byggingarm. |
| 1931 | Útlitsbreytingar | S Metinsen? | |
| 1937 | Viðbygging | Einar Erlendsson | arkitekt |
| 1954 | Útlitsbreyting | Skarphéðinn Jóhannsson | arkitekt |
| 2000 | Endurgerð uppr.l. útlits | Jón Nordsteien | arkitekt |

**Fyrsti eigandi**

Robert Peter Tærgesen
kaupmaður

**Hönnuður**

Ókunnur

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús, verslun og vörugeymsla

**Saga og Mat**

Húsið byggði Robert Peter Tærgesen árið 1855 á lóðinni þar sem áður stóð verslunarhús einokunarverslunarinnar sem flutt voru frá Örfirisey árin 1779-80. Árið 1905 var geymsluhús sem stóð vestast á lóðinni stækkað. Upphaflega geymsluhúsið er frá því fyrir 1874. Þetta geymsluhús stendur enn. Mogensen lyfsali keypti húsin árið 1927 og setti þar á stofn Ingólfsapótek, sem rekið var í húsinu til ársins 1954, er veiðarfæraverslunin Geysir flutti úr Hafnarstræti 1 í Aðalstræti 2. Húsin að Aðalstræti 2 mynda samstæða heild ásamt Vesturgötu 2 og Hafnarstræti 1-3. Hefur þetta svæði stundum verið kallað hornsteinn Reykjavíkur. Hafnarstræti 1-3 (Fálkahúsið) er friðað og lagt er til að Vesturgata 2 (Bryggjuhúsið) og Aðalstræti 2 verði friðuð.
**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.
**Huga ber að friðun húsanna að Aðalstræti 2.**

# Aðalstræti 4 (bakhús)

**Byggingarár** **1910**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |
| **Útlit** | Þrílyft<br>Ris |

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | Starfsheiti |
|---|---|---|---|
| 1915 | Viðbygging | Einar Erlendsson | arkitekt |
| 1934 | Hækkun | Einar Sveinss., Sigm. Halld.s | arkitektar |
| 1935 | Viðbygging | Þorleifur Eyjólfsson | arkitekt |
| 1954 | Atv.húsn. innr. | Sigv. Thord.s.,Helgi Hallgr.s | arkitektar |

**Fyrsti eigandi**

H. P. Duus
kaupmaður

**Hönnuður**

Einar Erlendsson
arkitekt

**Upphafleg notkun**

Geymsla
Hjallur

**Saga og Mat**

Árið 1904 seldi Waldemar Fischer H.P. Duus kaupmanni allar eignir sínar í Aðalstræti. Duus byggði fiskþurrkunarhús úr timbri sunnan við Fischersund árið 1910, og árið 1915 byggði hann svo austan við þurrkunarhúsið annað fiskþurrkunarhús, einnig úr timbri. Þessi hús standa bæði enn. Þau voru tengd saman með tveimur brúm. Árið 1954 var Ingófsapótek innréttað á jarðhæð.
Húsum þessum hefur verið lítið breytt frá öndverðu og eru þau sérstaklega góður vitnisburður um þá miklu verslunar- og atvinnustarfsemi sem farið hefur fram á þessum lóðum frá upphafi verslunar í Reykjavík.
**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.
**Vegna aldurs er þetta hús háð þjóðminjalögum um allar breytingar.**

# Aðalstræti 4 (framhús)

**Byggingarár** **1942**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |
| **Útlit** | Tvílyft |

| | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga | Starfsheiti |
|---|---|---|---|
| 1965 | Útlitsbreyting | Helgi og Vilhj. Hjálmarss. | arkitektar |

**Fyrsti eigandi**

Aðalstræti 4 h.f.

**Hönnuður**

Hafliði Jóhannsson
trésmiður

**Upphafleg notkun**

Verslun
Skrifstofa

**Saga og Mat**

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.

**Ekki er gerð sérstök tillaga um verndun þessa húss.**

# Aðalstræti 6

**Byggingarár** **1955**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað og gler |
| **Þakgerð** | Skáþak |
| **Þakklæðning** | Pappi |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |
| **Útlit** | |

**Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga** **Starfsheiti**

**Fyrsti eigandi**

Morgunblaðið

**Hönnuður**

Gunnar Hansson
arkitekt

**Upphafleg notkun**

Skrifstofa
Verslun

**Saga og Mat**

Húsið sem staðið hafði á lóðinni frá 1825, var flutt á Efstasund 99 árið 1951, er farið var að huga að byggingu Morgunblaðshússins.
Árið 1951 teiknaði Gunnar þriggja hæða hús, hækkaði það í ellefu hæðir árið 1954, en teiknaði það í núverandi mynd, sjö hæðir, árið 1955.

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.

**Ekki er gerð sérstök tillaga um verndun þessa húss.**

# Aðalstræti 8

**Byggingarár** 1994

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Holufyllt og |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |
| **Útlit** | Kjallari<br>Útskot<br>Svalir<br>Fjórlyft<br>Port<br>Ris |

**Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** | **Starfsheiti**

**Fyrsti eigandi**

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna

**Hönnuður**

Ingimundur Sveinsson
arkitekt

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús
Skrifstofa

**Saga og Mat**

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.

**Ekki er gerð sérstök tillaga um verndun þessa húss.**

# Aðalstræti 10

**Byggingarár** 1765

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Timbur |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |
| **Útlit** | Einlyft<br>Ris |

**Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** | **Starfsheiti**

| | | |
|---|---|---|
| 1889 | Atv.húsn. innr. | |
| 1889 | Geymsla á lóð | |
| 1896 | Geymsla á lóð | |
| 1898 | Geymsla á lóð | |
| 1932 | Geymsla á lóð | Þorleifur Eyjólfsson |
| 1933 | Atv.húsn. innr. | Þorleifur Eyjólfsson |
| 1935 | Viðbygging - salerni | Hafliði Jóhannsson |
| 1944 | Atv.húsn. innr. | Hafliði Jóhannsson |
| 1944 | Gluggabreyting norðurg. | Hafliði Jóhannsson |
| 1964 | Viðbygging | Skarphéðinn Jóhannsson |

**Fyrsti eigandi**

Innréttingarnar

**Hönnuður**

Ókunnur

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús
Geymsla

**Saga og Mat**

**Byggingarár Aðalstrætis 10 hefur verið á reiki. Í bígerð er nákvæm rannsókn á húsum Innréttinganna á Árbæjarsafni.**
Húsið virðist hafa verið lengt til suðurs og hefur það þá verið gert fyrir 1774. 1874 hefur þakið verið kætt með hellum. Árið 1889 var innréttuð sölubúð í húsinu. Geymslan 1896 stóð við Bröttugötu. Árið 1944 voru innréttaðar skrifstofur í risi og gluggum þar breytt. 1933 var skúr við Bröttugötu breytt í fiskbúð. Árið 1949 er sett járnþak á húsið í stað helluþaks. Skarphéðinn teiknaði árið 1964 tveggja hæða viðbygginguá nær alla baklóðina sem fer ekki vel. Áríðandi er að þetta elsta timburhús Reykjavíkur sé fært í upprunalegt horf.
**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.
**Aðalstræti 10 er sjálfkrafa friðað skv. þjóðminjalögum vegna aldurs.**

# Aðalstræti 12

**Byggingarár** **1886**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Brotaþak(mansard) |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |
| **Útlit** | Tvílyft<br>Ris<br>Kjallari |

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | Starfsheiti |
|---|---|---|---|
| 1999 | Flutningur | Stefán Ö. Stef.s.,Grétar Markúss. | arkitektar |

**Fyrsti eigandi**

Björn Jónsson ritstjóri

**Hönnuður**

Ókunnur

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús
Prentsmiðja

**Saga og Mat**

Árið 1999 var þetta hús tekið niður þar sem það stóð að Austurstræti 8 og reist á ný á þessari lóð í nær upprunalegri mynd. Ekki skal breytingasaga hússins rakin hér á meðan það stóð í Austurstræti. Húsið sjálft tók litlum breytingum frá öndverðu. Björn Jónsson ritstjóri Ísafoldar byggði húsið upphaflega. Hafði hann prentsmiðju á jarðhæðinni en bjó á þeirri efri. Árið 1909 tók sonur Björns, Ólafur, við eignum og starfi föður síns sem þá varð ráðherra. Ólafur stofnaði Morgunblaðið árið 1913.

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.

**Vegna aldurs er þetta hús háð þjóðminjalögum um allar breytingar.**

# Aðalstræti 16

**Byggingarár** **1762**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Timbur |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |
| **Útlit** | Einlyft<br>Ris |

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | Starfsheiti |
|---|---|---|---|
| 1833 | Rifið - hluti | | |
| 1874 | Viðbygging | | |
| 1883 | Lélegt ástand | | |
| 1895 | Endurbætur og hækkun | | |
| 1900 | Hækkun | | |
| 1900 | Geymsla á lóð | | |
| 1900 | Hækkun | | |
| 1901 | Viðbygging | | |
| 1969 | Endurbætur | | |

**Fyrsti eigandi**

Innréttingarnar

**Hönnuður**

Ókunnur

**Upphafleg notkun**

Verksmiðja

**Saga og Mat**

**Byggingarár Aðalstrætis 16 hefur verið á reiki. Í bígerð er nákvæm rannsókn á húsum Innréttinganna á Árbæjarsafni.**
Húsið var upphaflega 28,5al (18m) Árið 1833 voru 3/8 hússins rifnir vegna lélegs ástands. Árið 1874 er húsið lengt til vesturs um 3,2m. Árið 1895 er stór hluti gamla hússins rifinn og endurbyggður og húsið allt hækkað í tvær hæðir, að nokkru leyti úr sama efni. Það telst þó að grunni til vera frá 1762. Aldamórtaárið 1900 var gamla húsið hækkað í núverandi hæð og byggður skúr á lóðinni. Aðalhúsið var lengt til vesturs og tengt skúrnum frá 1900, árið 1901. Árið 1969 voru gerðar miklar endurbætur m.a. járn endurnýjað.
**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.
**Aðalstræti 16 er sjálfkrafa friðað skv. þjóðminjalögum vegna aldurs.**

# Brattagata 3a

**Byggingarár** **1904**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Bárujárn |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |
| **Útlit** | Tvílyft<br>Ris<br>Inng.skúr<br>Anddyri |

**Helstu breytingar** — **Hönnuðir breytinga** — **Starfsheiti**

| | |
|---|---|
| 1957 | Endurbætur |

**Fyrsti eigandi**

Helgi Zoëga
kaupmaður

**Hönnuður**

Ókunnur

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús
Pakkhús

**Saga og Mat**

Helgi Zoëga átti Aðalstræti 10 er hann byggði þetta hús. Geymslan við suðurlóðamörkin var byggð um leið og húsið.

Þetta er vel hannað og reisulegt timburhús sem myndar ásamt Bröttugötu 5 eina heillegustu götumynd í Grjótaþorpi. Bæði eru þessi hús í sveitserstíl, sem barst hingað í húsakatalógum frá Noregi um aldamótin 1900.

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.
**Vegna aldurs er þetta hús háð þjóðminjalögum um allar breytingar.**

# Brattagata 5

**Byggingarár** **1905**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Bárujárn |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |
| **Útlit** | Einlyft<br>Port<br>Ris<br>Kvistir |

**Helstu breytingar** — **Hönnuðir breytinga** — **Starfsheiti**

| | |
|---|---|
| 1917 | Kvistur |
| 1949 | Geymsla á lóð |

**Fyrsti eigandi**

Matthías A. Mathiesen
skósmiður

**Hönnuður**

Ókunnur

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús

**Saga og Mat**

Fyrir vestan húsið er skúr sem var byggður um leið og húsið. Þar var geymsla, hænsnahús og salerni.

Þetta er vel hannað og reisulegt timburhús sem myndar ásamt Bröttugötu 3a eina heillegustu götumyndina í Grjótaþorpi. Bæði eru þessi hús í sveitserstíl, sem barst hingað í húsakatalógum frá Noregi um aldamótin 1900 og er þetta hús sérstaklega gott dæmi um þann stíl.

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.
**Vegna aldurs er þetta hús háð þjóðminjalögum um allar breytingar.**

# Brattagata 6

**Byggingarár** **1907**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Bárujárn |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |
| **Útlit** | Kjallari<br>Inng.skúr<br>Ris<br>Einlyft<br>Port<br>Tvílyft |

**Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** | **Starfsheiti**

| Ár | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga | Starfsheiti |
|---|---|---|---|
| 1927 | Endurbætur | | |
| 1952 | Endurbætur | | |

**Fyrsti eigandi**

Anna Breiðfjörð
ekkja

**Hönnuður**

Ókunnur

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús
Verslun

**Saga og Mat**

Árið 1877 byggði Valgarður Ó. Breiðfjörð hús á lóðinni, sem var rifið þegar þetta hús var byggt. Því hefur ekkert verið breytt frá upphaflegri mynd. Endurbæturnar 1927 og 52 einskorðuðust við innréttingar. Anna var ekkja Valgarðs Breiðfjörðs. Formgerð þessa húss er mjög sérstakt og felst mikið gildi í því hversu götulínum hefur verið fylgt við byggingu þess. Það var ekki algengt á þessum tíma.

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.

**Vegna aldurs er þetta hús háð þjóðminjalögum um allar breytingar.**

# Fischersund 3

**Byggingarár** **1876**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Hellur |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |
| **Útlit** | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari |

| Ár | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga | Starfsheiti |
|---|---|---|---|
| 1878 | Viðbygging | | |
| 1878 | Geymsla á lóð | | |
| 1894 | Geymsla á lóð | | |
| 1902 | Endurbætur | | |
| 1902 | Viðbygging | | |
| 1993 | Endurbætur | Magnús Skúlason | arkitekt |

**Fyrsti eigandi**

Jörgen E. Jensen
bakari

**Hönnuður**

Ókunnur

**Upphafleg notkun**

Bakarí
Íbúðarhús

**Saga og Mat**

Þetta hús var jafnan nefnt norska bakaríið. Árið 1878 stækkaði Jensen húsið til austurs um 5,5m. Viðauki þessi var byggður úr stokkverki. Geymslan frá 1878 er nú (2000) austari hluti húss Sögufélagsins. Geymslan 1894 var byggð við eldri geymsluna. Hún var öll járnklædd. (sjá sér færslu um geymsluhúsin). Húsið var klætt plægðum borðum og þak bárujárni 1902. Líklega hefur það verið klætt reisisúð í öndverðu. Viðb. 1902 var skúr við austurgafl. Silli og Valdi eignuðust húsið 1942. 1960 kom upp eldur í því og notuðu S. og V. það sem geymslu eftir það. Árið 1993 var húsið fært í upprunalegt horf og aftur farið að búa í því.

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.

**Vegna aldurs er þetta hús háð þjóðminjalögum um allar breytingar.**

# Fischersund 3

**Byggingarár** **1878**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | Hellur |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |
| **Útlit** | Einlyft |

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | **Starfsheiti** |
|---|---|---|---|
| 1894 | Viðbygging | | |
| 1904 | Atv.húsn. innr. | | |
| 1946 | Breytt í íbúð | | |
| 1992 | Endurbætur | Guðrún Jónsdóttir | arkitekt |

**Fyrsti eigandi**

Jörgen E. Jensen
bakari

**Hönnuður**

Ókunnur

**Upphafleg notkun**

Geymsla

**Saga og Mat**

Árið 1878 lét J.E. Jensen bakari byggja geymsluskúr á lóðinni fyrir austan bakaríið. Þessi skúr er vestari hluti hússins. Austari hluti hússins var byggður 1894, af A. Frederiksen bakara, sem þá hafði eignast Norska bakaríið. Þessi hluti hússins var notaður sem geymsla eftir að vestari hlutinn hafði verið tekinn undir pakkhús.
Árið 1904 var brauðsölubúð í vestari hlutanum. Öll byggingin var síðan notuð sem geymslur allt til ársins 1946, er farið var að búa í vestari hluta hússins. Ekki var búið í austari hlutanum fyrr en eftir 1960. Sögufélagið hefur nú endurbyggt allt húsið eftir langvarandi viðhaldsleysi.
**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.
**Vegna aldurs er þetta hús háð þjóðminjalögum um allar breytingar.**

# Garðastræti 9

**Byggingarár** **1985**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Holufyllt og |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |
| **Útlit** | Þrílyft<br>Ris<br>Kjallari |

**Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga** **Starfsheiti**

**Fyrsti eigandi**

Ásgeir Bjarnason
Gunnar Rósinkrans

**Hönnuður**

Halldór Gíslas. og Jóh. Þórðars.
arkitektar

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús

**Saga og Mat**

Timburhúsið sem þarna stóð var flutt að Grjótagötu 6.

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.

**Ekki er gerð sérstök tillaga um verndun þessa húss.**

# Garðastræti 11

**Byggingarár** **1934**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |
| **Útlit** | Þrílyft<br>Kjallari |

**Helstu breytingar** / **Hönnuðir breytinga** / **Starfsheiti**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1953 | Hækkun | Gísli Halldórsson | arkitekt |
| 1953 | Íbúð í risi sþ. | | |

**Fyrsti eigandi**

Högni Hansson, Friðrik Jónsson

**Hönnuður**

Finnur Thorlacius
arkitekt

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús

**Saga og Mat**

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.

**Ekki er gerð sérstök tillaga um verndun þessa húss.**

# Garðastræti 11a

**Byggingarár** **1893**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr steini |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |
| **Útlit** | Einlyft<br>Kjallari<br>Ris |

**Helstu breytingar** / **Hönnuðir breytinga** / **Starfsheiti**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1922 | Inngönguskúr | Ókunnur | |
| 1981-9 | Endurbætur | Hjörleifur Stefánsson | arkitekt |

**Fyrsti eigandi**

Guðmundur Ásmundsson
tómthúsmaður

**Hönnuður**

Ókunnur

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús

**Saga og Mat**

Jón Þórðarson í Hákoti afsalaði lóðinni til fóstursona sinna, Guðmundar og Jóns Sveinssonar árið 1893. Högni Hansson, sá er byggði Garðastræti 11, lét gera inn- og uppgönguskúr á suðurhlið Hákots 1922.
Á níunda áratug tuttugustu aldar voru gerðar gagngerar endurbætur á húsinu.

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.

**Hákot var friðað af menntamálaráðherra árið 2000.**

# Garðastræti 13

**Byggingarár** **1901**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Bárujárn |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |
| **Útlit** | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari |

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | Starfsheiti |
|---|---|---|---|
| 1906 | Viðbygging | óundirr.teikning | |

**Fyrsti eigandi**

Hildibrandur Kolbeinsson

**Hönnuður**

Ókunnur

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús
Skósmíðastofa

**Saga og Mat**

Þetta hús var jafnan nefnt Hildibrandshús. Viðbyggingin frá 1906 er efri (vestari) hluti hússins. Hún er hornsneidd í samræmi við byggingareglugerðina frá 1903. Hana byggði Guðjón járnsmiður Jónsson. Afkomendur hans bjuggu í húsinu fram á níunda áratuginn.

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.

**Vegna aldurs er þetta hús háð þjóðminjalögum um allar breytingar.**

# Garðastræti 13a

**Byggingarár** **1939**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Skeljasandur |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Eternitplötur |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |
| **Útlit** | Þrílyft<br>Kjallari |

| Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga | Starfsheiti |
|---|---|---|

**Fyrsti eigandi**

Guðmundur Ólafsson

**Hönnuður**

Einar Sveinsson
arkitekt

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús
Skósmíðastofa

**Saga og Mat**

Árið 1937 skipti Erlendur Pétursson í Mjóstræti 2 lóð sinni og seldi Guðmundi Þórðarsyni skósmið vestari hlutann. Guðmundur sótti um að fá að reisa stórt hús á lóð sinni en fékk ekki þar sem ekki lá fyrir skipulag af Grjótaþorpi. Eftir að bæjarverkfræðingur úrskurðaði að hvorki Öldugata né Bárugata yrðu framlengdar í gegnum Grjótaþorpið, heldur yrði gerð gata á milli þessa húss og Garðastrætis 17 (Unuhús rifið), leyfði samgöngu- og félagsmálaráðuneytin honum að byggja minna hús (núverandi) á lóðinni.

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.
**Ekki er gerð sérstök tillaga um verndun þessa húss.**

# Garðastræti 15

**Byggingarár** **1896**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |
| **Útlit** | Tvílyft |

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | Starfsheiti |
|---|---|---|---|
| 1979 | Viðbygging | Gestur Ólafsson | arkitekt |
| 1979 | Endurgerð uppr.l. útlits | Gestur Ólafsson | arkitekt |

**Fyrsti eigandi**

Guðmundur Jónsson
apótekari/lyfsali

**Hönnuður**

Ókunnur

**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús

**Saga og Mat**

Árið 1941 spyr Erlendur sonur Unu og Guðmundar bæjaryfirvöld um fyrirhugaða götu sem koma skyldi þar sem Unuhús stóð, þar sem hann geti ekki selt hús sitt vegna þessa fyrirætlana. Ragnar Jónsson (Ragnar í Smára), sem átti Garðastræti 17, kaupir engu að síður húsið árið 1942. Hann býður bænum húsið til kaups af sömu ástæðu árið 1960 en ekkert varð af sölunni. Erna dóttir Ragnars hóf búskap í húsinu ásamt Gesti Ólafssyni arkitekt, sem býr þar enn (2000)

**Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er Grjótaþorpið í milligulum lit, verndun svæða. Verndunin nær sérstaklega til timburhúsa.** Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.
**Huga ber að friðun Garðastrætis 15, Unuhúss.**
**Vegna aldurs er þetta hús háð þjóðminjalögum um allar breytingar.**

# Garðastræti 17

**Byggingarár** **1932**

**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Hraunað |
